

## Leikir fyrir samverustund og/eða hópastarf

### Kanntu að ríma?

- Setið saman í hring. Kennarinn byrjar og fer með ásamt krökkunum: „Kanntu að ríma, kanntu að ríma? Segðu mér þá hvað rímar við .....?“ Á meðan þetta er sagt er höndum klappað í takt við textann til skiptis á læri og klappa saman lófum. Kennarinn bendir svo á eitt barn úr hópnum þegar hann segir rímorðið og barnið á að segja hvað rímar við ..... Það barn stjórnar svo næstu umferð og bendir á annað barn og svo koll af kolli. Einföld orð eða flókin fer eftir aldri barnanna og hvað þau eru komin langt í rími.

### Klappa atkvæði:

- Setið saman í hring og góð hugmynd að fara nafnaring og klappa saman atkvæðafjölda í nafni hvers barns. Þegar því er lokið byrjar kennarinn á að nefna orð og biður eitt barn að klappa atkvæðafjöldann í orðinu. Það barn ákveður svo næsta orð og bendir á barn til að klappa það orð og svo koll af kolli.

### Finna hlut í umhverfinu sem byrjar á bókstafnum.....:

- Nota spjöldin frá „uppskrift“ 4 í þennan leik. Krakkarnir draga 3-4 spjöld úr bunkanum og þeim raðað á gólfið eða á borð. Hver um sig á að finna smáhluti sem er að finna í stofunni t.d. leikfang sem byrjar á þessum bókstöfum. Einnig hægt að láta krakkana gera þetta tvo og tvo saman. Það sem þau finna er sett fyrir neðan bókstafinn og að leik loknum eru heitin lesin upphátt. Þetta er hægt að leika úti á góðviðrisdegi og á þá að finna eitthvað úti sem byrjar á bókstöfunum.

### Skrifa niður bókstafi og/eða tölustafi í umhverfinu:

- Þennan leik má leika bæði úti og inni og hefur hann verið vinsæll lengi í Nóaborg. Krakkarnir fá pappaspjöld sem hægt er að skrifa á (og bogna ekki) í stærð ca. A3. Hver og einn fær tússpenna til að skrifa með. Farið er í gönguferð um leikskólann eða nánasta umhverfi. Á leiðinni leita krakkarnir eftir bók- eða tölustöfum í umhverfinu og skrifa þá á spjaldið sitt. Þegar þessu er lokið eru spjöldin skoðuð og séð hvað hver sá í sinni rannsókn. Þegar farið er út fyrir lóðina t.d. eru krakkarnir að skrifa niður húsnúmer, bílnúmer, nöfn á skiltum o.fl. Inni í leikskólanum má sjá orð, ýmis konar merkingar bókstafi og tölustafi og því af nógu að taka þar líka.

### Trölladeig og fyrsti stafur í nafni barnanna:

- Búa til trölladeig sem harðnar eða þarf að baka. Krakkarnir gera fyrsta stafinn í nafninu sínu úr trölladeiginu og geta haft spjald sem fyrirmynd ef þarf. Þegar trölladeigið hefur þornað er það málað og límt á pappaspjald. Einnig er hægt að stinga gat í bókstafinn á meðan deigið er blautt og þegar það hefur verið málað má hengja það sem óróa í glugga.